



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



STOFNANASAMNINGUR

Verkmenntaskólans á Akureyri
og
félaga í Kennarasambandi Íslands

Efnisyfirlit.

Kaflar og undirkaflar

1. Gildissvið og markmið.....	2
2. Röðun til launa.....	2
3. Hlutverk samstarfsnefndar.....	6
4. Meðferð ágreiningsmála.....	6
5. Gildistími og endurskoðun.....	6
6. Undirritun.....	6
Bókanir.....	7
Bókun 1. Um fjarkennslu:.....	7
Bókun 2. Um röðun til launa ef starfsmaður á rétt á fleiri en 8 álagsþrepum:.....	7
Bókun 3. Um skil á upplýsingum til samstarfsnefndar og gildistöku launaröðunar.....	7
Bókun 4. Yfirlit um röðunartilefni.....	7
Fylgiskjal I Mælikvarðar og nánari útfærslur.....	8

1. Gildissvið og markmið

1.1. Samningur þessi nær til félagsmanna KÍ sem starfa við Verkmenntaskólann á Akureyri.

1.2. Meginmarkmið samningsins er að hann taki mið af sérstöðu stofnunarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttu námsframboði og breiðum nemendahópi. Þetta gerir kröfu til að kennarar og stjórnendur búi yfir víðtækri þekkingu og reynslu.

Samningurinn skal meta til launasetningar þá eiginleika starfsmanna sem mikilvægastir eru til að skólastarfið verði árangursríkt. Í honum skulu felast möguleikar til launapróunar og hvatning til eflingar í störfum.

Launakerfið skal vera hlutlægt og gagnsætt en um leið gefa möguleika á að meta persónubundna eiginleika á grundvelli fyrirfram skilgreindra viðmiða.

2. Röðun til launa.

2.1. Kennarar og stjórnendur með allt að 30% stjórnunarhlutfall.

2.1.1. Röðun í launaflokka

Kennari sem hefur fagmenntun til að geta kallast framhaldsskólakennari (iðnmeistari, BA, BS eða önnur próf sem teljast jafngild) raðast í launaflokk 1.

Til viðbótar eru eftirfarandi röðunartilefni:

- Kennsluréttindi (leyfisbréf), 1 lfl.
- Sala kennsluafsláttar, 1 lfl.
- Meistaragráða (MA, MS eða samsvarandi prófgráður), 1 lfl.
- 2 ára kennsluferill eða 5 ára starfsferill í fagi frá hásk.gráðu eða sveinsprófi, 1 lfl.
- 7 ára kennsluferill 1 lfl
- 15 ára kennsluferill 1 lfl.
- 1 lfl. samkvæmt yfirlýsingu menntamálaráðherra 18. júní 2008 um 4% launahækkun.

2.1.2. Álagsprep

2.1.2.1. Vegna menntunar sem nýtist í starfi.

2 þrep Háskólagráða samsvarandi 180 ECTS einingum.

1 þrep (til viðbótar fyrir) Háskólagráðu samsvarandi 240 ECTS einingum.

1 þrep (til viðbótar fyrir) Eins árs heildstæða viðbótarmenntun í háskóla (a.m.k. 60 ECTS einingar) sem skólinn nýtir.

1 þrep Iðnmeistararéttindi í a.m.k. tveimur iðngreinum og/eða vélfræðingur með full réttindi frá Siglingastofnun Íslands auk meistararéttinda.

2.1.2.2. Vegna starfsreynslu í fagi og annarrar reynslu (Möguleiki á allt að fjórum þrepum)

1. þrep: 5 ára reynsla í starfsgrein (fagi) eftir sveinspróf eða háskólanám, eða 5 ára reynsla sem kennslustjóri eða umfangsmeiri stjórnun í framhaldsskóla.

2. þrep: 10 ára reynsla í faggrein utan skóla.

3. þrep: 15 ára reynsla í faggrein utan skóla ásamt með því að hafa rekið fyrirtæki í greininni, stýrt stofnun eða umtalsverðri deild í starfsgreininni í a.m.k. 5 ár. 10 ára reynsla sem stjórnandi í framhaldsskóla í að lágmarki 30% stöðuhlutfalli.
4. þrep: 5 ára reynsla af stjórnun í framhaldsskóla í að lágmarki 75% starfshlutfalli.

2.1.2.3. Stigakerfi (fjögur þrep að hámarki)

Kennari safnar stigum sem gefa álagsþrep þegar ákveðnum fjölda er náð. Stigakerfið byggir á nokkrum þáttum sem vege mismikið. Mat á stigafjölda byggist á gögnum sem stofnunin heldur utan um og í einhverjum tilvikum á gögnum og rökstuðningi frá kennara. Sjá nánar í fylgiskjali 1.

Viðmiðin eru:

- 1 þrep - 30 stig
- 2 þrep - 50 stig
- 3 þrep - 75 stig
- 4 þrep - 100 stig

Fjölhæfni í kennslu og fjölbreytni í þeim framsetningar/kennsluformum sem kennari notar. Tekið er mið af núverandi önn og þremur síðustu. Fyrst og fremst er horft til fjölda áfanga (kennsluáætlana) og mismunandi framsetningar (dagskóli, kvöldskóli, fjarkennsla, dreifkennsla).

Hér eru gefin 0,10 eða 25 stig á grundvelli gagna sem stofnunin heldur utan um.

Yfirsýn um stofnunina. Formleg þátttaka í starfi sem varðar stofnunina í heild. Þátttaka í vinnuhópum (skólanefnd, skólaráð, sjálfsmatshópar, gæðahópar, erlent og innlent samstarf, framlag til félagsmála kennara og nemenda o.fl.).

Hér eru gefin 0 eða 10 stig.

Þróun í kennsluháttum. Kennari hefur innleitt nýja og/eða bætt kennsluhætti í námsgrein/-um og náð með þeim hætti auknum árangri í starfi. Nauðsynlegt er að sýna fram á að afrakstur þessa framtaks sé að koma skólanum (nemendum) til góða.

Kennari leggur fram kennsluáætlanir, sýnishorn af verkefnum/prófum og fleiri slík gögn sem sýna fram á í hverju hið faglega átak hefur falist.

Hér eru gefin 0,10 eða 25 stig

Námsgagnagerð. Kennari hafi samið/útbúið námsefni sem samsvari a.m.k efni námsáfanga. Hér getur verið um frumsamið eða þýtt efni að ræða.

Hér eru gefin 0,10 eða 25 stig

Endurmenntun / fagleg störf. Kennari sýnir fram á að hann hafi lagt sig eftir að fylgjast með í faggrein með því að sækja námskeið og uppfæra kennslu sína. Hér er einnig metin þátttaka í verkefnum sem reyna á og efla faglega/fræðilega færni.

Hér eru gefin 0 eða 10 stig

Endurmenntun / stærri námskeið. Fyrir námskeið sem kennari sækir og sem skólinn nýtir er samsvarar 100 kennslustundum eða 5 háskólaeiningum fær hann 10 stig.

Horft er á námskeið sem tekin hafa verið frá árinu 2002.

Hér eru gefin 0 eða 10 stig

bl
BÖR

Kennsla í upprifjunaráföngum og hægferðaaföngum.

Starf kennara felst að verulegu leyti og reglubundið í að sinna þessum hópum nemenda.

Hér eru gefin 0, 10 eða 20 stig á grundvelli gagna sem stofnunin heldur utan um.

Alúð og reglufesta

Kennari rækir starf sitt af fyllstu alúð og samvirkusemi og leggur sig fram um að framfylgja reglum skólans á sínu starfssvæði. Skilar á tilsettum tíma gögnum s.s. um viðveru nemenda, kennsluáætlunum, miðannarmati, prófhandritum, kennsluskýrslum og öðru sem stofnunin þarfnast vegna reglulegrar starfsemi. Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í september ár hvert og nær til undangenginna 12 mánaða. Tekur gildi í fyrsta skipti 1.maf 2007.

Samstarfsnefnd setur fram nákvæmari útfærslu (gátlista). Stjórnendur VMA afla nauðsynlegra gagna og varðveita þau.

Hér eru gefin 0,10 eða 25 stig

2.1.3. Röðun vegna sérstakra verkefna

2.1.3.1. Eftirfarandi verkefni gefa tilefni til röðunar í launaflokka:

Brautarstjórn, fagstjórn, önnur verkefnisstjórn sem er samfelld yfir starfsár skólans.

Um starfslýsingar, starfstíma og starfshlutföll vísast í gæðahandbók.

- Brautarstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Fagstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Verkefnisstjóri með stjórnunarhlutfall undir 30% raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Ef kennari gegnir sérstökum verkefnum eftir fleiri en einni starfslýsingu þannig að samanlagt starfshlutfall fer yfir 30% raðast viðkomandi tveimur launaflokkum ofar en ella.

2.1.3.2. Eftirfarandi verkefni gefa tilefni til röðunar í álagsþrep eða starfshlutfalls:

Kennari sem hefur umsjón með nýnemum raðast einu álagsþrepi ofar en ella.

Fyrir tímabundin verkefni sem ekki gefa tilefni til launaröðunar skal greitt með starfshlutfalli eða tilteknum tímafjölda á önn. Til dæmis:

Umsjón með Mínervu

Umsjón með samstarfsverkefnum

Þátttaka í vinnuhópum


BOR

2.2. Stjórnendur með 30% stjórnunarhlutfall eða hærra.

2.2.1. Röðun í launaflokka

Ræðst af þremur þáttum, starfsheiti, starfshlutfalli, starfsreynslu og menntun.

2.2.1.1. Röðun starfsheitis

Kennslustjóri grunnraðast í	8. lfl.
Áfangastjóri grunnraðast í	9. lfl.
Aðstoðarskólameistari grunnraðast í	11. lfl.
Námsráðgjafi grunnraðast í	8. lfl.
Kerfisstjóri grunnraðast í	9. lfl.
Verkefnastjóri gagnasmiðju grunnraðast í	7. lfl.
Gæðastjóri grunnraðast í	7. lfl.

2.2.1.2. Viðbótarröðun vegna starfshlutfalls

51-75%	1 lfl.
76-100%	2 lfl.

2.2.1.3. Viðbótarröðun vegna starfsreynslu

Eftir 4 ára starf sem stjórnandi í 30% starfshlutfalli eða meira	1 lfl.
--	--------

2.2.1.4. Reynsla sem nýtist í starfi

1 lfl.

Stjórnandi sem býr yfir reynslu sem hefur veruleg jákvæð áhrif á hæfni hans til að gegna stjórnunarstarfinu skal fá það metið til launa. Annars vegar er horft til a.m.k 5 ára reynslu af kennslu og kennslutengdum störfum, hins vegar a.m.k 5 ára stjórnunarreynslu af öðrum starfsvettvangi.

2.2.1.5. Menntun

Meistaragraða sem nýtist í starfi (MA MS eða samsvarandi prófgráður) 1 lfl.

2.2.2. Álagsþrep

2.2.2.1. Menntun sem nýtist í starfi

Virk endurmenntun	1 þrep
Formleg viðbótarmenntun í stjórnun a.m.k. 60 ECTS einingar	1 þrep

Virk endurmenntun: Stjórnandi sýnir fram á að hann sækir námskeið og fyrirlestra eða afli sér þekkingar með öðrum hætti sem nýtist í stjórnunarstarfinu. Endurmenntunartíminn þarf að vera 20 tímar á ári að jafnaði þegar horft er til eins ráðningartímabils.

Formleg viðbótarmenntun: Stjórnandi hefur lokið amk. eins árs (60 ECTS einingar) háskólanámi (diploma) í skólastjórnun eða sambærilegu.

2.2.2.2. Álagsþættir starfsins

Starfið felur í sér að leiðbeina eða stýra öðrum starfsmönnum	1 þrep
Starfið felur í sér umsjón með nemendum	1 þrep
Álag vegna vinnutarna og afbrigðilegs vinnutíma	1 þrep

Bur
Bör

2.2.2.3. Álagsþættir ný verkefni

Viðbótarverkefni

1 þrep

Ef stjórnanda er tímabundið falið að sinna verkefnum sem ekki eru hluti af starfsskyldum hans samkvæmt starfslýsingu skal hækka laun hans um eitt þrep.

3. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar felst í að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi. Þar má nefna að fjalla um nauðsynlegar breytingar vegna nýrra verkefna eða breyttrar vinnutilhögunar. Samstarfsnefndin tekur fyrir erindi frá starfsmönnum eða stjórn stofnunar sem lúta að viðfangsefnum stofnanasamningsins og afgreiðir þau í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

Gögn sem varða starfsmenn eru varðveitt hjá skólameistara í möppu merktri „starfsmannahald“ í samræmi við gæðahandbók skólans. Gögn er varða launaröðun geymast í möppu hjá skrifstofustjóra merktri „starfsmannaskrá“.

4. Meðferð ágreiningsmála

Farið er með ágreiningsmál samkvæmt gr. 11.4.3.2 í kjarasamningi.

5. Gildistími og endurskoðun


Stofnanasamningurinn gildir frá 1. júní 2010 og skal endurskoðun fara fram fyrir 1. júní 2012. Ef forsendur breytast s.s. á miðlægum kjarasamning á samningstímanum sem gefa tilefni til endurskoðunar fyrir 1. júní 2012 þá mun samstarfsnefnd vinna að endurskoðun fyrir þann tíma.


6. Undirritun

Eyrarlandsholti 19.mai 2010.

f.h. stofnunar

Undirritað af fulltrúum stofnunar:



Hjalti Jón Sveinsson skólameistari



Sigríður Huld Jónsdóttir aðstoðarskólameistari



Björk Guðmundsdóttir skrifstofustjóri


f.h. félaga í KÍ

Undirritað af fulltrúum kennara/stjórnenda:


Þórkur Már Hersteinsson


Elías Þorsteinsson


Ólafur Kjartansson


Baldvin Ringsted

Bókanir

Bókun 1. Um fjarkennslu:

Samstarfsnefnd í VMA er sammála um að eðlilegt sé að gera breytingar á samkomulagi um greiðslur vegna fjarkennslu, sjá Stofnanasamning um greiðslur fyrir fjarkennslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar verði miðað við að endurskoða viðmiðunartölur um hópastærðir.

Gengið skal frá samkomulagi um breytingar á greiðslum vegna fjarkennslu fyrir 1. júní 2007.

Bókun 2. Um röðun til launa ef starfsmaður á rétt á fleiri en 8 álagsþrepum:


Ef kennari/stjórnandi sem raðast til launa eftir þessum stofnanasamningi telst hafa fleiri en 8 tilefni til álagsþrepa færast viðkomandi í næsta launaflokk ofanvið og fær tveimur færri álagsþrep en ella. T.d. ef launaflokkurinn er 6 og álagsþrepin eru 9 þá telst það vera launaflokkur 7 og álagsþrep 7.

Bókun 3. Um skil á upplýsingum til samstarfsnefndar og gildistöku launaröðunar.

Um launabreytingar vegna persónubundinna þátta sem kennarar þurfa að sækja um til samstarfsnefndar gildir að ný launaröðun tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að umsókn ásamt meðfylgjandi gögnum berst.

Bókun 4. Yfirlit um röðunartilefni

Gert er ráð fyrir að fyrir **1. október** og **1. febrúar** ár hvert fái allir sem raðast eftir þessum stofnanasamningi yfirlit um röðunartilefni sín. Þar komi fram tilefni til launflokkaröðunar, álagsþrepa, röðunar vegna stjórnunar eða verkefnastjórnunar og ennfremur stigafjöldi í stigakerfi og tilefni þeirra.


BOR

Fylgiskjal 1 Mælikvarðar og nánari útfærslur

Mælikvarðar og nánari útfærslur á ákvæðum um stigapott vegna persónubundinna þátta sem kennarar geta fengið álagsprep fyrir.

Námsefni. Ef kennari getur framvísað þýddu eða frumsömdu námsefni fyrir heilan áfanga á slíku formi að annar kennari getur notað efnið er möguleiki á 25 stigum. Sé greitt af hálfu skólans sérstaklega fyrir námsefnisgerð telst sú vinna ekki inn í punktakerfið. Aðlögun ófullnægjandi námsefnis með umtalsverðum viðbótum/endurbótum gefur 10 stig. Skilyrði er að efni áfangans sé heildstætt og aðgengilegt á rafrænu eða prentuðu formi.

Upprifjunaráfangar og hægferðaáfangar. Kennari sinnir því með reglubundnum hætti að taka að sér kennslu í þessum áföngum.

Til að þetta telji þarf umfang þessarar kennslu að ná einhverju neðangreindra skilyrða:

50% stöðuhlutfall á einni önn

33% stöðuhlutfall á tveimur önnum

25% stöðuhlutfall á þremur önnum

Stofnunin skoðar hvort kennarar falla undir þessi skilyrði í byrjun annar. Gefur 10 stig.

Ef kennari er með kennslu í upprifjunaráföngum, svokölluðum x9x áföngum þar sem umfang þeirrar kennslu er 50% stöðuhlutfall eða meira fást 10 stig til viðbótar. Hér er horft á einstaka önn.

Fjölhæfni í kennslu og fjölbreytni í þeim framsetningar/kennsluformum sem kennari notar.

Tekið er mið af yfirstandandi önn og fimm síðustu. Fyrst og fremst er horft til fjölda áfanga (kennsluáætlana) og mismunandi framsetningar (dagskóli, kvöldskóli, fjarkennsla, dreifkennsla).

Hér eru gefin 0, 10 eða 25 stig á grundvelli gagna sem stofnunin heldur utan um.

Viðmið: 1 - 6 mismunandi kennsluáætlanir gefa 0 stig

7 - 12 mismunandi kennsluáætlanir gefa 10 stig

Fleiri en 12 mismunandi kennsluáætlanir gefa 25 stig

Yfirsýn um stofnunina. Formleg þátttaka í starfi sem varðar stofnunina í heild. Þátttaka í vinnuhópum (skólanefnd, skólaráð, sjálfsmatshópar, gæðahópar, erlent og innlent samstarf, framlag til félagsmála kennara og nemenda o.fl.). Fyrst og fremst er horft til síðustu 10 ára.

Tvenn mismunandi tilefni gefa 10 stig.

Þróun í kennsluháttum. Kennari hefur innleitt nýja og/eða bættu kennsluhætti í námsgrein/-um og náð með þeim hætti auknum árangri í starfi. Nauðsynlegt er að sýna fram á að afrakstur þessa framtaks sé að koma skólanum (nemendum) til góða.

Kennari leggur viðhorfakönnun fyrir nemendur og framvísar niðurstöðum hennar ásamt kennsluáætlunum, sýnishornum af verkefnum/prófum og fleiri slíkum gögnum, sem sýna fram á í hverju hið faglega átak hefur falist. Þetta skilar 10 stigum.

Ef sýnt er fram á að kennari hafi beitt sér fyrir verulegum umbótum í kennslu sem aðrir kennarar hafi tileinkað sér fást 25 stig.

Endurmenntun / fagleg störf. Kennari sýnir fram á að hann hafi lagt sig eftir að fylgjast með í faggrein með því að sækja námskeið og uppfæra kennslu sína. Hér er einnig metin þátttaka í verkefnum sem reyna á og efla faglega/fræðilega færni. Hafi kennari sótt að meðaltali a.m.k 1 námskeið á ári sl. 3 ár eða geti framvísað tilefnum sem jafngilda því fást 10 stig.

Endurmenntun / stærri námskeið. Fyrir hvert námskeið sem kennari sækir og sem skólinn nýtir er samsvara 100 kennslustundum eða 5 háskólaeiningum fær hann 10 stig. Horft er á námskeið sem tekin hafa verið frá árinu 2002. Hér eru gefin 0 eða 10 stig.

Mh
BOR

Alúð og reglufesta

Kennari rækir starf sitt af fyllstu alúð og samvisekusemi og leggur sig fram um að framfylgja reglum skólans á sínu starfssvæði. Skilar á tilsettum tíma gögnum s.s. um viðveru nemenda, kennsluáætlunum, miðannarmati, prófhandritum, kennsluskýrslum og öðru sem stofnunin þarfnast vegna reglulegrar starfsemi. Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í apríl ár hvert og nær til undangenginna 12 mánaða. Tekur gildi í fyrsta skipti 1.mai 2007.

Unnið er út frá skjali frá stjórnendum VMA þar sem fram koma upplýsingar m.a. um skil kennara á kennsluáætlunum og mætingum nemenda.

Hér eru gefin 0, 10 eða 25 stig.

Viðmið:

- 0 stig: Kennari hefur ekki skilað inn upplýsingum á réttum tíma í 6 skipti eða oftar.
- 10 stig: Kennari hefur ekki skilað inn upplýsingum á réttum tíma í 3, 4 eða 5 skipti.
- 25 stig: Kennari skilar alltaf inn upplýsingum á réttum tíma eða hefur ekki oftar en tvisvar skilað of seint.

MA
BOR